

# KVENNALISTINN OG FÉLAGSHYGGJUÖFLIN

FYRIR rúnum 16 árum settust hópar kvenna í Reykjavík og á Akureyri niður til að ræða stöðu kvennarbaráttu á Íslandi og hvernig ná mætti meiri árangri konum til hagsbóta. Ákvörðun um að bjóða fram sérstaka kvennalista próðist smám saman en hún kostaði svo sannarlega deiur, uppgjör og kúvendingu frá fyrrí hugmyndum bæði um stjórnsmál og kvennarbaráttu. Við leituðum í sögusjóð íslenskra kvenna og endurtökum leikinn frá 1908 er konur í Reykjavík unnu frakilegan sigur í bæjarstjórnarkosningum.

Kvennaframboðin og síðar Kvennalistinn urðu til vegna þess hve íslenska flokkakerfið var lokað konum, en þó ekki síður vegna þess að það einkenist af vinnubrögðum og stöðnuðum hugmyndum sem komu lítt nálægt veruleika kvenna. Meðan stjórnsmálaflokkar á hinum Norðurlöndunum hlustuðu á raddir kvenna í nýju kvennahreyfingunni og brugðust við með kvótakerfum og uppstokkun á stefnuskrám, var nánast engin skilningur á því hér á landi að upp væri risin hreyfing sem krafðist breytinga. Það er fyrst nú á allra síðstu árum sem „gómlu“ flokkarnir eru að taka við sér með umræðum og sampykktum sem vonandi munu auka hlut kvenna innan þeirra ráða og breyta áherslum. Við sem fórum af stað með hreyfingu kvennaframboðanna töldum okkur ekki eiga heima í gómlu flokkunum, en ekki vantaði tilboðin og fullyrðingarnar um að innan þeirra væri allt mögulegt.

## Ný víði í íslenskum stjórnámum

Tilgangurinn með sérframboðum kvenna var sá að hrísta rækilega upp í kerfinu. Við vildum setja fram nýjar róttækjar hugmyndir og hugsjónir byggðar á staðreynum um stöðu kvenna og framtíðarsýn þeirra kvenna sem barna lögðu hond á plög. Við vildum skapa nýja víði í íslenskum stjórnámum, víð sem hafnaði úreltum skilgreiningum um vinstri og hægri, sem flestir viðurkenna nú að hafi glatað merkingu sinni.

Pær konur sem sameinuðust innan Kvennalistans komu úr ýmsum gerum samfélagsins, með ólífum áherslur og mismundandi pólitísku fortíð, allt frá Sjálfstæðisflokknum yfir í villta vinstrið. Pær voru þó allar ákveðnar í að sameinast um ákveðin baráttumál kvenna og sannfærðar um að nýrra aðferða væri þörf. Margar okkar sem áður höfðu verið virkar á vinstri vængnum gerðu upp við hugmyndaheim marxismans sem sá aðeins mun milli stéttu, en ekki kynja og leit á

kvennarbaráttu sem hluta stéttabaráttu. Vinstri hreyfing þess tíma horfði algjörlega fram hjá því karlveldi sem gegnsýrði allar stofnanir samfélagsins og gerir enn, líka verkalýshreyfinguna, enda áherslur á bættan hag kvenna litlir sem engar. Skilningur á að skoða þyrti stöðu kvenna sérstaklega og áhrif ákvarðana á þær, hvaða mál sem í hlut átti, eða að það skipti máli hvort kona eða karl kom að mótna mál, var enginn og mér finnst hann harla litill enn.

## Árangur baráttunnar

Að mínum dómi hefur baráttu Kvennalistans skilað miklum árangri. Konum hefur fjölgæð verulega meðal kjörinna fulltrúa jafnt á

**Kvennalistinn er ekki vinstri flokkur, segir Kristín Ástgeirs dóttir, og gengi hann til liðs við A-flokkana væri farið inn á pólitísku braut sem samrýmist ekki hugmyndafræði Kvennalistans.**

bingi sem í sveitarstjórnunum. Þegar við hófumst handa 1981 var hlutur kvenna á þingi 5% (nú 27%) og rúm 6% í sveitarstjórnunum (nú um 25%). Mál sem áður lágu í þagnargildi svo sem ofbeldi gegn konum og börnum, kynferðislegar áréitni og meðferð „kerfisins“ á fórnarlömbum nauðgana, komust á dagskrá. Framboð á dagvistun, einsetning skóla, lenging fæðingarorlofs, nauðsyn þess að konur séu alls staðar þar sem ráðum er ráðið, svo eittvað sé nefnt, allt hafa þetta verið baráttumál Kvennalistans frá upphafi, sem smám saman hefur tekist að þoka áleidið.

Kvennalistinn fór vel af stað, vakti heimsathygli og jók fylgi sitt jafnt og þétt, þar til á árabílinu 1988-89 er dæmið tók að snúast við. Æg hogg að sú stöðreynd að Kvennalistinn hafnaði aðild að ríkistjórn Steingríms Hermannssonar 1988 og þó kannski ekki síður haldí var á því málí hafi



Kristín  
Ástgeirs dóttir

haft sitt að segja, en fleira kann að koma til. Frá því í kosningunum 1991 hefur fylgi Kvennalistans minnkað mikið og maelist nú á bilini 2,5-5%. Skýringarnar eru eflaus margar, t.d. hólgun kvenna á bingi úr öðrum flokkum, sú skoðun að sérframbod skili ekki meiri árangri, en kannski síðast og ekki síst stöðugar innri deiur, átök um framboðslista og mjög óskýr skilaboð um það hvernig kvennarbaráttunni skuli haldið áfram.

## Kvennalistinn er ekki vinstri flokkur

Á dögunum var haldinn Samráðsfundur Kvennalistans þar sem sæti eiga þingkonur og varaþingkonur, auk tveggja kjörinna fulltrúa úr hverju kjördæmi, en miklu fleiri mættu til leiks. Fyrir fundinum lágu spurningar frá formönnum Albýðuflokkks og Albýðubandalags um það hvort Kvennalistinn ætlaði að koma í það verk með þeim af krafti að smíða verkefnaáætlun til fjögurra ára, sem yrði væntanlega grundvöllur sameiginlegs framboðs eða náinnar samvinnu í næstu kosningum.

Fyrir þennan fund var ljóst að skoðanir voru mjög skiptar, enda hafa umræður staðið hátt í þrjú árum það hvað beri að gera. Niðurstaðan varð sú að Kvennalistinn sem hreyfing gengi ekki til viðræðna við A-flokkana, en að þær konur sem vildu ganga inn á þá braut gætu gert það sem hópur kvennalistakvenna. Aðrar gætu leitað annarra leiða væri vilji til þess. Æg var sátt við þessa niðurstöðu, enda gat hún ekki orðið önnur við að þessir tveir flokkur hafi komið fram með nýjar hugmyndir eða nýja sýn á framtíðina um árabíl, hvað þá að þeir hafi gert upp við fortíðina. Hitt er ljóst að það eru margar spurningar sem brenna á okkur, s.s. um umhverfismál, sem að mínum dómi verður MÁL 21. aldarinnar, um jöfnuð og réttlæti, virkara lýðræði og aukin áhrif fólks á eigið umhverfi, stöðu kvenna og velferðarkerfið sem er kannski það mál sem ætti að sameina þá sem telja sig félagshyggiþólk. En er það svo?

Að síðasta kjörtímabili var Albýðuflokkurinn í stjórn með Sjálfstæðisflokknum. Það var gengið svo hart fram í handahófskenndum niðurkurði í skóla- og heilbrigðismálum að það mun taka langan tíma að bæta það tjón, þótt ekki sé teknið með það sem síðan hefur gerst. Þessi sami „félagshyggiþólkur“ stóð að árás á mesta og besta jöfnunarteiki sem smíðað hefur verið á Íslandi, Lánaþjóð íslenskra námsmanna. Gegg þessu børðust Albýðubandalag og Kvennalisti af öllu afli. Áður átti Albýðuflokkurinn aðild að því að svípta verkalýshreyfinguna samningsréttinum og báðir A-flokkarnir stóðu að bráðabirgðalögnum á BHMR 1990, sem höfðu mjög alvarleg áhrif t.d. í skólaþerfinu. Þau lög voru að endingu dæmd ólögleg og kostuðu ríkissjóð yfir 300 millj. kr.

Þessi saga vefst fyrir mér, lá mér hver sem vill. Æg sprýr hvort Kvennalistinn eigi samleið með flokkum sem beita svona stjórnarháttum. Allt þetta höfum við gagnrýnt alla okkar til að Alþingi og það hlítur að burfa einhver meiri háttar rök fyrir því að stilla sér upp við hlíð þessara flokka fremur en annarra, sem stjórnar reyndar alveg eins, ef vilji er til aukins samstarfs

af einhverju tagi. Staða Kvennalistans er kannski það svar sem handhægast er að grípa til og segja sem svo að það beri að láta á reyna hvert hægt er að komast með A-flokkana. Það má svo sannarlega reyna, en ekki á kostnað þess að Kvennalistinn klofni.

## Pað er þörf á nýju aflí

Ef umræðan snérist um það að skapa nýtt pólitískt afl, afl sem vildi raunverulega uppstokkun á íslensku samfélagi, afl sem vildi taka á misrétti, spillingu (t.d. í stöðuveitingum) og þeim málum sem ég nefndi hér að ofan, ja, þá horfði málid öðri viði við. Æg er þeirar skoðunar að það sé mikil þörf á nýju stjórnsmálafla. Það þarf að vera laust úr viðjum úreltra skilgreininga, laust við heftandi tengsl og valdakerfi. Það þarf að vera fært um að hugsa sig rækilega í gegnum þarfir samfélagsins og bora að horfast í augu við nýja öld og breyttan heim sem kallað á nýjum lausnir og nýjan skilning á samfélaginu.

Að mínum dómi eru A-flokkarnir enn bundnir í viðjar hugmyndafræði 19. aldarinnar sem varð til í samfélögum sem voru að breytast hratt úr bændasamfélögum í iðnaðarþjóðfélög. Þá var himinhrópani munur milli kjara verkaþóls og beirra sem fleyttu rjómann ofan af. Þeir sem børðust fyrir bættum kjörum alþýðunnar sáu heiminn út frá körum, eins og þeir gera enn, þrátt fyrir mikinn fjölda kvenna sem vann fyrir brauði sínu og sinna. Þeir spóla enn í sömu hjólförum, þrátt fyrir miklar breytingar á stéttaskiptingu, enda bles ekki byrlega fyrir verkalýshreyfigunni, því miður. Við erum allt of mikil óbyrð að framtíð kvennarbaráttunnar til þess að geta látið óljósar hugmyndir og valda-drama sundra okkur. Sú ákvörðun Ingibjargar H. Bjarnason fyrstu þingkonunnar að ganga til liðs við Íhaldsflokkinn árið 1924 kostaði mikil átök og leiðindi í kvennahreyfingu þeirra daga. Það er óþarfi að endurta kaðan leik.

## Pað hafa hingað til fengist litil svör við því hvað nýja bandalagið eigi að gera, þess í stað er lítið gert úr malefnaágreiningi og hrópað hátt um mikilvægi uppstokkunar, nýtt afl og þörfina á því að sameina svokölluð félagshyggiþólk gegn Sjálfstæðisflokknum.

## Sagan og jafnaðarmenn

Út á hvað á þetta allt að ganga, hvað er það sem sameinar jafnaðarmenn og hvað felst í þeirri félags-hyggi sem á að tefla fram gegn Sjálfstæðisflokknum? Því get ég ekki svarað, enda hef ég ekki orðið vör við að þessir tveir flokkur hafi komið fram með nýjar hugmyndir eða nýja sýn á framtíðina um árabíl, hvað þá að þeir hafi gert upp við fortíðina. Hitt er ljóst að það eru margar spurningar sem brenna á okkur, s.s. um umhverfismál, sem að mínum dómi verður MÁL 21. aldarinnar, um jöfnuð og réttlæti, virkara lýðræði og aukin áhrif fólks á eigið umhverfi, stöðu kvenna og velferðarkerfið sem er kannski það mál sem ætti að sameina þá sem telja sig félagshyggiþólk. En er það svo?

Að síðasta kjörtímabili var

Íslenskumálafla. Kratarnir skera og skera, láta markaðsöflin leika lausum hala og bjappa sér saman í hinu ólyðræðislega Evrópusambandi. Þar er fátt um nýjar hugmyndir eða nýja sýn á framtíðina. Því er minn niðurstaða að í stað þess að búa til miðjumoð úr A-flokkunum, með blöndu af feminiskum áherslum ættuðum frá kvennalistakonum væri nær að ná saman því fólk sem raunverulega vill breyta íslensku samfélagi og setja jafnvægi manns og náttúru, ásamt lýðræði, réttlæti, jöfnuði og kvenfrelsi á oddinn.

Eg fær ekki betur séð en að kratföringjarnir sem meira og minna ráða fóru út í Evrópu standi ráðalausir og eigi fá svör við þeirri spurningu hvað orðið félagshyggi felur í sér nú til dags, hvað þá að þeir hampi þeim sem höllustum standa fæti. Breski Verkamannaflokkurinn sem mjög hefur verið rómaður í umræðunni um sameiningu félagshyggiþólkanna fékk blöðugar skammir í kosningabaráttunni frá ensku kirkjunni fyrir að beina ekki sjónum að hinum vaxandi hópi fátæklinga. Kratarnir skera og skera, láta markaðsöflin leika lausum hala og bjappa sér saman í hinu ólyðræðislega Evrópusambandi. Þar er fátt um nýjar hugmyndir eða nýja sýn á framtíðina. Því er minn niðurstaða að í stað þess að búa til miðjumoð úr A-flokkunum, með blöndu af feminiskum áherslum ættuðum frá kvennalistakonum væri nær að ná saman því fólk sem raunverulega vill breyta íslensku samfélagi og setja jafnvægi manns og náttúru, ásamt lýðræði, réttlæti, jöfnuði og kvenfrelsi á oddinn.

Höfundur er pingona  
Kvennalistans í Reykjavík.

**HRAÐLESTRARNÁMSKEIÐ**

- Viltu margfalda lestrarhraðann og afköst í námi?
- Viltu margfalda lestrarhraðann og afköst í starfi?
- Viltu njóta þess að lesa góðar bækur?

Ef svar pitt er jákvætt skaltu skrá þig strax á næsta hraðlestrarnámskeið sem hefst miðvikudaginn 10. september.

Skráning er í síma 564-2100.

Olafs ogu helga hinni elzru segi að skráningu.

**HRAÐLESTRARSKÓLINN**

**BANDARÍSK VEGABRÉFSÁRITUN (VISA)**

Ríkissjórn Bandaríkjanna mun gefa út 55.000 vegabréfsáritir til varanlegrar dvalar (Green Card) í hopprættisformi. Til að fá upplýsingar um umsókn, sendi umslog (með eigin heimilisfangi - staðið 9 x 4 tomur), fyrir 21. nóvember 1997 til:

**U.S.A. Visa Section  
Immigration Service Centre  
5468 Dundas Street West, Suite 580  
Toronto, Ontario,  
Kanada, M9B 6E3**

Einnig verður haft að fá upplýsingar hjá röðgjófum okkar um leið og hopprættis fer í gang.

Engin tengsl við ríkissjórn Kanada.